



STEFNA FOSSA MARKAÐA Í AÐGERÐUM GEGN PENINGAÞVÆTTI OG FJÁRMÖGNUN HRYÐJUVERKA

1. Almenn

- 1.1. Fossar markaðir (hér eftir „Fossar“ eða „félagið“) er eftirlitsskyld verðbréfafyrirtæki undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Fossum er skyldt skv. lögum nr. 140/2018 og tengdum stjórnvaldsfyrirmælum að gera ráðstafanir í þeim tilgangi að styrkja varnir félagsins gegn mögulegu peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.
- 1.2. Það er skýr stefna Fossa markaða að vinna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og koma í veg fyrir að starfsemi félagsins sé misnotuð í slíkum tilgangi. Á grundvelli stefnu þessarar hafa Fossar framkvæmt áhættumat á rekstri félagsins og sett sér ítarlegar innri reglur sem fylgja skal í hvívetna í aðgerðum félagsins. Nánari útfærsla á stefnu þessari er að finna í fyrrgreindum skjölum.
- 1.3. Stefna þessi gildir um alla starfsmenn Fossa, þ.m.t. stjórn og framkvæmdastjóra, og systur- og dótturfélög Fossa, eftir því sem við á.

2. Markmið

- 2.1. Það er markmið Fossa að koma í veg fyrir að félagið sé notað til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka sem og að varnir félagsins séu ávallt sterkar. Mikil áhersla er lögð á að farið sé eftir lögum nr. 140/2018 og tengdum stjórnvaldsfyrirmælum og vill félagið leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- 2.2. Það er eindregið markmið Fossa að halda áhættu vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka í lágmarki.

3. Aðgerðir Fossa markaða

- 3.1. Til að ná markmiðum sínum hafa Fossar framkvæmt áhættumat á rekstri sínum og sett sér ítarlegar innri reglur. Þá hefur ábyrgðarmaður með peningaþvætti verið skipaður hjá félaginu.
- 3.2. Fossar leggja mikla áherslu á að starfsmenn félagsins þekki viðskiptamenn sína og starfsemi þeirra. Í því skyni skal framkvæmd viðeigandi áreiðanleikakönnun á viðskiptamönnum hverju sinni sem og að viðhaft er virkt og áhættumiðað eftirlit með viðskiptavinum og viðskiptum þeirra.
- 3.3. Lögbærum yfirvöldum er án tafar tilkynnt um grun og eða vitneskju um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.
- 3.4. Fossar viðhafa reglulega fræðslu fyrir starfsmenn um gildandi lög og reglur.

4. Ábyrgð

- 4.1. Fossar hafa tilnefnt ábyrgðarmann sem ber ábyrgð á aðgerðum félagsins gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, en regluvörður gegnir hlutverki ábyrgðarmanns. Ábyrgðarmaður ber ábyrgð á framkvæmd aðgerða Fossa skv. lögum nr. 140/2018 og samsvarandi innri reglum.



5. Endurskoðun og eftirlit

- 5.1. Stefna þessi skal endurskoðuð að lágmarki árlega.
- 5.2. Stefna þessi, sem og áhættumat og innri reglur, sæta eftirliti ábyrgðarmanns með peningaþvætti og innri endurskoðanda.

Samþykkt af stjórn Fossa Markaða hf. þann 6. mars 2020

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Sigurbjörn Þorkelsson". The signature is fluid and cursive, written over a horizontal line.

Sigurbjörn Þorkelsson